



**G J A L D S K R Á**  
fyrir stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð  
skv. heimild 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um málefni  
fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018  
Gildir frá 1.1.2025

Þjónustupegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Snjómokstur er innheimtur sérstaklega.

**Aðstoð við almenna stuðningsþjónustu**

Fullt gjald fyrir almenna stuðningsþjónustu er **1.854 krónur** fyrir hvern unnin tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tvo tíma á viku og er almenn þjónusta umfram það gjaldfrjáls.

**Niðurfelling gjalds fyrir stuðningsþjónustu**

Sótt er um niðurfellingu gjalda í gegnum íbúagátt Fjarðabyggðar. Umsóknir um niðurfellingu gjalda þarf að endurnýja árlega í gegnum íbúagátt. Skili þjónustupegi ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum, greiðir hann fullt gjald. Niðurfelling gjalda gildir ekki fyrir heimsendingu matar eða akstur.

**Heimsendur matur**

Hver máltíð kostar **1.615 krónur**.

**Akstur á vegum heimaþjónustu**

Aksturþjónusta innan þess byggðarkjarna sem þjónustunotandi á lögheimili er gjaldfrjáls. Ferðir sem samþykktar eru í þjónustusamningi eða vegna sérfræðiaðstoðar eru greiddar 59 krónur á hvern km. Fyrir aðrar ferðir utan byggðarkjarnans skal greitt skv. gjaldskrá Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis.

**Snjómokstur**

Snjómokstur er einungis veittur einstaklingum sem:

- Falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og eða
- Eru eldri einstaklingar og/eða öryrkjar sem hafa nú þegar stuðningsþjónustu inná heimili, geta ekki mokað sjálfir og búa ekki með einstaklingi sem er fær um að moka.

Snjómokstur er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar. Sækja þarf um þjónustuna hjá félagsþjónustunni, umsóknir fara fram í gegn um íbúagáttina. Þessari þjónustu verður ekki sinnt fyrr en að forgangsmokstri er lokið eða samkvæmt ákvörðun verkstjóra.

Hver snjómokstur kostar 9.266 kr.

Ef að óskað er eftir vélmokstri, kostar 17.820 kr. að stinga út úr bílastæði.

Snjómokstur lýtur sömu reglum um niðurfellingu gjalda og önnur stuðningsþjónusta.



### Innheimta

Gjöld eru innheimt mánaðarlega og berast reikningar í heimabanka. Greiðsluseðlar berast ekki heim með pósti nema sérstaklega sé óskað eftir því.

### Tekjumark fyrir árið 2025

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2025 er miðað við upphæðir bóta almannatrygginga 1. janúar 2025.

### Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun um niðurfellingu gjalds fyrir stuðningsþjónustu til Úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík eða [www.urvel.is](http://www.urvel.is). Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun.

Fjarðabyggð 15. nóvember 2024

  
Jóna Arný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt í fjölskyldunefnd 7. október 2024  
Samþykkt í bæjarráði 28. október 2024  
Staðfest í bæjarstjórn 7. nóvember 2024